

Sp.

990. Breytingartillaga

[106. mál]

við till. til þál. um landnýtingaráætlun.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast nú þegar til um að undirbúningi og vinnu við landnýtingaráætlun verði hraðað. Við gerð slíkrar áætlunar verði lögð áhersla á sem hagkvæmasta nýtingu og varðveislu landgæða.

Gerð verði kostnaðaráætlun um landnýtingarskipulag sem taki til allra meginþátta landnýtingar. Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi og á grundvelli hennar verði tekin ákvörðun um framkvæmdahraða.